

Dómsmálaráðuneytið
Skuggasundi
150 Reykjavík

Reykjavík 10. febrúar 2005.

Vísað er til tölvupósts ráðuneytisins frá 17. desember 2004, þar sem óskað er eftir nánari upplýsingum er varða skýrslu Evrópuráðsins til ríkisstjórnar Íslands um heimsókn Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (CPT) til Íslands 3. til 10. júní 2004.

Í skýrslunni kemur fram að nefndin hafi, að flestu leyti, verið ánægð með ástand í fangelsum ríkisins, sérstaklega í Fangelsinu Kvíabryggju, Fangelsinu Kópavogsbraut 17 og Hegningarhúsinu. Kvað nefndin starfsmenn í Hegningarhúsinu sinna starfi sínu af fagmennsku og vinnuandi væri góður. Þá væri fangelsið þrífalegt en bæri þess þó merki að það væri byggt 1874 og því ekki hentugt til rekstrar fangelsis nú á dögum. Tók nefndin fram að í Fangelsinu Kópavogsbraut væru agavandamál leyst með faglegum hætti og starfsfólk þar gott. Einnig taldi nefndin aðstæður og aðbúnað í Fangelsinu Kvíabryggju til mikillar fyrirmyndar, fangar væru almennt ánægðir með vistina og fangelsið í heild sinni til fyrirmyndar. Að lokum tók nefndin fram að hún hefði alls staðar í fangelsiskerfinu mætt góðum samstarfsvilja og að hvergi hefði borið skugga á í þeim málum.

Verður nú vikið að einstökum athugasemdum.

Í 28. gr. fjallar nefndin um nauðsyn þess að við gerð laga um fullnustu refsinga verði höfð hliðsjón af þeim athugasemdum sem nefndin setur fram í skýrslu sinni. Tekur nefndin jafnframt fram að með þeirri löggjöf skuli skapa tækifæri til að móta og koma í framkvæmd á landinu í heild stefnu í fangelsismálum og endurhæfingu fanga.

Svar: Á fundi með dómsmálaráðherra í maí 2004 var samþykkt að Fangelsismálastofnun setti fram markmið stofnunarinnar í fangelsismálum og hugmyndir um framtíðaruppbyggingu fangelsanna. Stofnunin skilaði ráðherra skýrslu þessa efnis, dags. 12. október sl. (Fylgiskjal 1.) Samhliða þeirri vinnu vann stofnunin, í samvinnu við ráðuneytið, að endurskoðun frumvarps til laga um fullnustu refsinga sem nú hefur verið lagt fram á Alþingi. Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til stefnu Fangelsismálastofnunar. Þá var þar höfð hliðsjón af athugasemdum

CPT nefndarinnar og þeirri þróun sem orðið hefur í löggjöf nágrannalanda okkar í málefnum fanga. (Fylgiskjal 2.)

Í 29. gr. leggur nefndin ríka áherslu á að byggt verði fangelsi á höfuðborgarsvæðinu ætlað gæsluvarðhaldsföngum. Telur nefndin óásættanlegt að gæsluvarðhaldsfangar skuli vistaðir í Hegningarhúsinu sem stenst ekki nútímakröfur sem gerðar eru til slíkra fangelsa og í Fangelsinu Litla-Hrauni sem er utan höfuðborgarsvæðisins. Nefndin ítrekar því kröfu sína frá skýrslu nefndarinnar frá árinu 1998 um að íslensk stjórnvöld setji byggingu slíks fangelsis í algeran forgang.

Svar: Í áðurnefndri skýrslu Fangelsismálastofnunar er komist að ákveðinni niðurstöðu um framtíðaruppbyggingu fangelsanna út frá markmiðum stofnunarinnar. Að beiðni dómsmálaráðherra hefur síðan verið unnið að nánari útfærslu þessara hugmynda. Það er vilji stofnunarinnar að byggt verði nýtt móttökufangelsi á höfuðborgarsvæðinu sem einnig væri fyrir gæsluvarðhaldsfanga og þá sem afplána stutta dóma. (Fylgiskjal 3.)

Í 31. gr. gerir nefndin athugasemdir við samskipti fanga og fangavarða í Fangelsinu Litla-Hrauni. Kvað nefndin samskipti fanga og fangavarða formleg og fjarlæg er bent til þess að fangaverðir teldu samskipti við fanga léttvægan hluta af starfskyldum sínum. Leggur nefndin til að íslensk yfirvöld beiti sér fyrir því að koma á uppbyggilegum samskiptum fanga og fangavarða og tryggja að fangavörðum verði í öllum tilvikum ljóst að fanga beri að umgangast með tilhlýðilegri virðingu.

Svar: Í skýrslu Fangelsismálastofnunar frá 12. október 2004, kemur m. a. fram það markmið: „Að föngum verði tryggð vel skipuleg afplánun, að mannleg og virðingarverð samskipti verði höfð í fyrirrúmi.....“. Fangelsismálastofnun hefur tekið á þessu með eftirfarandi hætti:

1. Á norrænni ráðstefnu fangavarða í Reykjavík í maí sl. var farið yfir samskipti annars vegar Fangelsismálastofnunar og hins vegar fangavarðafélagsins og einstakra fanga, sem hafa verið mjög slæm í gegnum tíðina, með það að leiðarljósi að setja samskiptin í ákveðinn farveg.

2. Þann 15. maí sl. sendi forstjóri FMS bréf til allra fanga þar sem varað var við hvers kyns einelti. Voru fangar hvattir til að láta af slíkri háttsemi jafnframt því sem bent var á að tekið yrði á slíkum málum ef upp kæmist. Þá voru settar reglur um þetta atriði. (Fylgiskjal 4 og 5.) Í kjölfarið var haldið námskeið með fangavörðum til að auðvelda þeim að greina og taka á slíkri háttsemi hjá föngum með faglegum og sanngjörnum hætti.

3. Á fundi með yfirmönnum fangelsisins í janúar sl. var farið yfir athugasemd CPT nefndarinnar að þessu leyti og ræddir möguleikar á breytingum. Meðal annars hvatti forstjóri forstöðumann fangelsisins til að fara oftari um fangelsið. Í skriflegu svari hans til stofnunarinnar kemur fram að hann telur að fangaverðir séu almennt mjög meðvitaðir um nauðsyn þess að koma vel fram við fanga og að góð samskipti fanga og fangavarða séu lykilatriði varðandi framkvæmd fangavarðastarfa. Áhersla verður lögð á að “brýna þetta fyrir starfsfólki”

4. Þessum málum hefur verið fylgt eftir hjá stofnuninni. Má sem dæmi nefna að nýlega sótti fangi, sem dæmdur var fyrir kynferðisbrot, um reynslulausn. Í beiðninni kom fram að hann ætti í miklum erfiðleikum í fangelsinu vegna eineltis. Málið var þegar í stað rannsakað, en við skýrslutöku sagði umræddur fangi að hann hefði það ágætt í fangelsinu. Hann tiltók að beiðni hans um reynslulausn hefði verið rituð af öðrum föngum sem hafi talið honum trú um að betra væri fyrir hann að þetta kæmi fram (sjá fylgiskjal 6).

Í 2. mgr. 31. gr. gagnrýnir nefndin fyrirkomulag þvagsýnatöku í Fangelsinu Litla-Hrauni. Telur nefndin óviðunandi að föngum sem eiga að skila þvagsýni sé gert að veita sýnið í viðurvist tveggja fangavarða fyrir framan tvo spegla. Kom fram í viðtölum við fanga að þeim þætti þessi aðferð skiljanlega niðurlægjandi. Telur nefndin að endurskoða eigi gildandi fyrirkomulag sýnatöku og taka upp aðrar aðferðir.

Svar: Brugðist hefur verið við þessu með því að fjarlægja umrædda spegla. Þvagsýnataka fer nú fram þannig að fangaverðir standa til hliðar við fanga í hæfilegri fjarlægð þegar þvagsýni eru gefin.

Í 33. gr. fjallar nefndin um afgreiðslu fangelsisýfirvalda og lögreglu á tilteknu máli er varðaði árás fanga á samfanga. Nefndin telur viðbrögð yfirvalda ekki hafa verið viðunandi. Fangi þessi hefur sjö sinnum óskað eftir flutningi í annað fangelsi, síðast í apríl 2004, en í síðustu beiðni hans vísaði fanginn til áframhaldandi líkamlegs ofbeldis samfanga. Gerir nefndin athugasemd við að einu viðbrögð fangelsisýfirvalda vegna árásarinnar hafi verið þau að færa fangann á aðra deild í fangelsinu, árásin hafi ekki verið kærð til lögreglu og fanganum tilkynnt að hygðist hann leggja fram kæru vegna málsins yrði hann að gera það sjálfur. Nefndin fer fram á upplýsingar um niðurstöðu lögreglurannsóknar í máli þessu.

Svar: Ekki hafa legið fyrir formlegar vinnureglur um viðbrögð í slíkum tilvikum enda þess varla þörf þar sem slík mál á fortakslaust að tilkynna viðeigandi

yfirvöldum. Málið hefur hins vegar verið rætt en nýlegt dæmi er um átök milli fanga þar sem annar fanginn varð fyrir sýnilegum áverkum. Var hann aðstoðaður við að kæra málið til lögreglu sem er með málið til rannsóknar, auk þess sem teknar voru skýrslur af þeim sem lentu í átökunum svo og öllum föngum á deildinni. Munu slík vinnubrögð verða viðhöfð framvegis.

Í 33. og 34. gr fjallar nefndin um ofbeldi og hótanir milli samfanga. Kemur fram að nokkur tilvik ofbeldis hafi komið upp í Fangelsinu Kópavogsbraut. Þau mál hafi verið tilkynnt viðeigandi yfirvöldum og leyst á faglegan hátt. Í Fangelsinu Litla-Hrauni fékk nefndin tilkynningar um fleiri árásir fanga á samfanga sína. Tekur nefndin fram að vandamál tengd árásum fanga á aðra fanga verði ekki leyst aðeins með því að aðskilja fanga sem þurfa vernd og fanga sem sýna af sér ofbeldisfulla hegðan. Nauðsynlegt sé að fangaverðir séu vel á verði vegna þessa vandamáls og grípi inn í með ákveðnum og árangursríkum hætti eins fljótt og unnt er. Þá leggur nefndin ríka áherslu á að hvers konar grunur um ofbeldi meðal fanga sé rannsakaður hvort sem slíkar tilkynningar koma með formlegum hætti sem skýrsla eða eru tilkynntar með óformlegum hætti. Þá telur nefndin að heilbrigðisstarfsfólk gegni mikilvægu hlutverki í þessu samhengi. Það fær oft og tíðum fyrst upplýsingar um ofbeldi fanga en samkvæmt upplýsingum nefndarinnar tilkynnir heilbrigðisstarfsfólk ekki slíkt ofbeldi til fangelsisyrvalda eða lögreglu í öllum tilvikum. Leggur nefndin til að starfsfólk Fangelsinu Litla-Hrauni beiti öllum tiltækum ráðum til að berjast gegn og koma í veg fyrir ofbeldi meðal fanga. Þá telur nefndin að endurskoða beri núverandi fyrirkomulag um tilkynningar heilbrigðisstarfsfólks um ofbeldi. Er þar átt við að þegar áverkar/meiðsl fanga megji hugsanlega rekja til árása samfanga séu þau tilvik tilkynnt til ákærvalds til afgreiðslu. Þá leggur nefndin til að miðlægur grunnur verði gerður þar sem skráð verða meiðsl/áverkar fanga.

Svar. Vísað er til fyrri svara. Þá verður hugað að því að koma upp miðlægum grunni þar sem skráð verða meiðsl/áverkar sem fangar kunna að hljóta og kunna að vera af völdum samfanga. Einnig verður hugað að því að endurskoða núverandi fyrirkomulag um tilkynningar til heilbrigðisstarfsfólks um slík tilvik.

Í 2. mgr. 35. gr. fer nefndin fram á að klósett og aðrir hlutar klefa í húsi 3 í Fangelsinu Litla-Hrauni verði aðskilin með skilrími.

Svar. Unnið er við að aðskilja hreinlætissamstæður í húsi 3 í Fangelsinu Litla-Hrauni frá öðrum hlutum klefanna og verður því verið lokið innan skamms.

Í 3. mgr. 36. gr. fer nefndin fram á að íslensk yfirvöld leitist við að auka framboð og fjölbreytileika vinnu og tómstunda fanga í Fangelínu Litla-Hrauni með það að markmiði að þessi atriði verði hluti af einstaklingsbundinni afplánunaráætlun.

Svar. *Í kjölfar skýrslu Fangelsismálastofnunar til dómsmálaráðherra um stefnu í fangelsismálum og framtíðaruppbyggingu fangelsanna, dags. 12. október sl., óskaði ráðherra eftir nánari útfærslu á hugmyndum stofnunarinnar varðandi fangelsin. Skilaði stofnunin skýrslu til ráðherra dagsettri 26. janúar 2005. Þar kemur fram tillaga um mikla uppbyggingu á Fangelínu Litla-Hrauni þar sem rík áhersla er lögð á fjölgun starfa og að vinna þar haldist stöðug. Í því sambandi yrði byggt nýtt hús. Þá verði útivistaraðstaða bætt verulega samanber áðurnefnda skýrslu FMS dags. 25. janúar 2005.*

Fyrir liggur nú þegar að útivist fanga verður aukin með vorinu. Þá verður bætt við þremur störfum á járnsmíðaverkstæði fljótlega vegna aukningar í framleiðslu skráfbúta. Geta má þess að aukin afþreying/námskeið eru í boði svo sem taflmennska, kórstarf, heimsóknir listamanna o. fl. Af þeim 75 föngum sem eru í fangelínu í byrjun febrúar eru 52 í vinnu/skóla. Tveir fangar eru á biðlista eftir fastri vinnu en sinna tilfallandi störfum við gluggaþvott, snjómokstur, þrif á lóð o.fl. Tuttugu fangar eru því ekki við vinnu af ýmsum ástæðum, eftir því sem forstöðumaður fangelsisins upplýsir.

Í 3. mgr. 37. gr. setur nefndin fram þá beiðni að íslensk yfirvöld leggi sig fram við að auka fjölbreytileika vinnu og tómstunda fyrir fanga í Hegningarhúsinu þannig að fangar geti eytt drjúgum tíma utan klefa sinna við störf og verk með tilgang, t.d. verklega vinnu, nám, íþróttir, tómstundir o. þ.h.

Svar. *Eins og margoft hefur komið fram leggur Fangelsismálastofnun það til að rekstri fangelsis í Hegningarhúsinu verði hætt. Þangað til verður reynt að auka möguleika á íþróttaiðkun í fangagarði. Vegna aðstæðna er hins vegar enginn vegur að verða við athugasemdunum að öðru leyti.*

Í 39. gr. bendir nefndin íslenskum stjórnvöldum á nauðsyn þess að viðhald allra klefa í Fangelínu Kópavogsbraut sé fullnægjandi. Telur nefndin að sumir klefanna séu ekki í nægilega góðu ástandi enda húsið fimmtán ára gamalt.

Svar. *Þegar var brugðist við ábendingum nefndarinnar. Hafa klefar og gangar verið málaðir og húsgögn endurnýjuð. Sett hefur verið upp eldhúsinnrétting í matsal fanga. Hins vegar er fyrirhugað að húsið verði rífið af skipulagsástæðum innan fárra*

ára eins og fram kemur í skýrslu Fangelsismálastofnunar og uppbygging fangelsanna við það miðuð.

Í 2. mgr. 40. gr. bendir nefndin á að stærð og skipulag Fangelsisins Kópavogsbraut sé þannig að sumir fangar fái innilokunarkennd og kjósi að brjóta reglur fangelsisins til að fá tækifæri til að vistast í einangrunarklefum annarra fangelsa til tilbreytingar. Telur nefndin þetta óásættanlegt.

Svar. Fangelsismálastofnun bendir á í skýrslu sinni að af ýmsum ástæðum hæfi fangelsið illa til vistunar fyrir langtímafangar, sem eru eingöngu konur. Við þessu hefur verið brugðist með því að færa kvenfanga tímabundið á aðra staði í samráði við þá. Þetta sýnir hins vegar þann skort á vistunarmöguleikum kvenfanga.

Í 41. gr. gerir nefndin enn á ný athugasemdir við að kven- og karlfangar séu vistaðir saman í Fangelsinu Kópavogsbraut. Telur hún ásættanlegt að einhver samskipti séu milli kynjanna en ekki eins mikil og raunin er í fangelsinu. Biður nefndin íslensk stjórnvöld um að kanna þann möguleika að vista aðeins kvenfanga í Fangelsinu Kópavogsbraut. Myndi slíkt fyrirkomulag geta stækkað rými fanga og stækkað svæði fyrir tómsundir o. þ. h. fyrir fanga.

Svar. Í skýrslu sinni frá 12. október 2004 leggur Fangelsismálastofnun þunga áherslu á að alltaf skuli vera nægilegur fjöldi fangapláss þannig að fullnusta fangelsisrefsingar geti hafist fljótlega eftir uppkvaðningu dóms. Telur stofnunin það ekki síður mikilvægt fyrir hagsmuni dómþola en það, að úr máli hans sé leyst innan hæfilegs tíma fyrir dómi, eins og kveðið er á um í 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Þetta hefur tekist til þessa með því að nýta öll fangapláss í landinu. Hins vegar er staðan þannig í Kópavogsfangelsinu um þessar mundir að aðeins 2-3 karlmenn hafa verið vistaðir í fangelsinu undanfarna mánuði þar sem kvenföngum hefur fjölgað en helmingur þeirra eru erlendar konur frá ýmsum þjóðlöndum. Sérstaklega er vandað val á þeim karlföngum sem þarna vistast.

Í 3. mgr. 44. gr. bendir nefndin íslenskum stjórnvöldum á að kanna möguleikann á að auka framboð og fjölbreytni vinnu í Fangelsinu Kvíabryggju og draga úr árstíðabundnum breytingum á vinnuframboði. Þá leggur nefndin til að reynt verði að bjóða föngum á staðnum tækifæri til menntunar í einhverju formi.

Svar. Tekið er undir áhyggjur nefndarinnar að þessu leyti og hefur forstjóri Fangelsismálastofnunar rætt það við forstjóra fangelsisins. Til tals hefur komið hvort til bóta væri að fela einum aðila að hafa yfirumsjón með öflun verkefna fyrir öll

fangelsin en lítið samstarf eða samvinna hefur verið milli fangelsanna varðandi vinnutengd mál. Í skýrslu stofnunarinnar frá 12. október 2004 er sérstaklega vikið að því að bæta þurfi netsamband við staðinn og auka námssframboð í samvinnu við nýjan fjölbrautaskóla í Grundarfirði.

Í 2. mgr. 45. gr. leggur nefndin fyrir íslensk stjórnvöld að fara yfir skipulag heilbrigðisþjónustu í fangelsum ríkisins og setja á fót sérstakt nám fyrir heilbrigðisstarfsfólk sem vinna mun í fangelsum.

Svar. *Haldnir hafa verið fundir Fangelsismálastofnunar annars vegar og Landlæknis og heilbrigðisstofnana sem koma að málefnum fanga hins vegar. Þá er fyrirhuguð ráðstefna fagaðila á þessu sviði í apríl nk. (Fylgiskjal 7.)*

Í 1. mgr. 46. gr. tiltekur nefndin að hún hafi fengið kvartanir frá föngum um að langur tími líði frá því að fangar, er þurfa að leita til lækna utan fangelsis, fái skoðun. Óskar nefndin eftir viðbrögðum íslenskra stjórnvalda vegna þessara ávirðinga.

Svar. *Fangelsismálastofnun hefur farið yfir þessi mál og telur að brugðist sé skjótt við óskum fanga um lækniáðstoð. Læknar koma tvisvar í viku í fangelsin en sinna útköllum þess á milli. Þá er hjúkrunarfræðingur starfandi í Fangelsinu Litla-Hrauni. Læknar fangelsisins meta þörf á heimsókn fanga til sérfræðings og sjá um tímapöntun ef brýn þörf er á. Annars sér fangelsið um að panta tíma hjá sérfræðingi. Biðtími til sérfræðings er fyrir fanga sá sami og fyrir aðra þjóðfélagsþegna. Erfitt er að öðru leyti að átta sig á þessari gagnrýni þar sem ekki eru nefnd ákveðin tilvik.*

Í 2. mgr. 46. gr. krefst nefndin þess að þegar í stað verði aflagt það fyrirkomulag að fangar geti fengið ávísað lyfjum frá læknum, m.a. vegna taugasjúkdóma, án þess að læknir hafi skoðað þá.

Svar. *Í Fangelsinu Litla-Hrauni hefur það verið venja að fangar sem hefja afplánun eða gæsluvarðhald fái skilgreindan lyfjaskammt ef um er að ræða fíkla í fráhvarfi. Heilbrigðisstarfsmaður er starfandi í fangelsinu alla virka daga en um kvöld og helgar er vaktþjónusta. Hjúkrunarfræðingur skoðar fanga við komu og læknir við fyrsta tækifæri sem getur verið samdægurs. Starfsmenn fangelsisins hafa alltaf samband við vakthafandi lækni sem ákveður lyfjameðferð eða skoðun þegar í stað. Í ljósi þess að meðhöndlunardeild er ekki í fangelsinu er þetta fyrirkomulag ásættanlegt að mati lækna enda hafa heilsufarsóhöpp ekki orðið.*

Í 48. gr. fer nefndin fram á að það fyrirkomulag að starfsfólk sem ekki er læknisfræðilega menntað dreifi lyfjum til fanga, verði aflagt.

Svar. *Ekkert er því til fyrirstöðu að starfsmenn fangelsisins útbýti skilgreindum lyfjaboxum, enda hafa lyfjafræðingar eða heilbrigðisstarfsmenn tekið lyfin til. Lyf á varðstofu eru merkt viðkomandi fanga og meðferð er tiltekin á lyfjakassa.*

Í 49. gr. fer nefndin fram á það við íslensk yfirvöld að þau kanni þann möguleika að finna betra rými fyrir sjúkrastofu í Fangelsinu Kópavogsbraut 17.

Svar. *Miðað við núverandi aðstæður í fangelsinu er ekki um annað rými að ræða.*

Í 50. gr. leggur nefndin til að fyrirkomulagi tannlæknaþjónustu verði breytt þannig að aðgengi fanga að þeirri þjónustu verði fullnægjandi án tillits til þess hvort fangar geti greitt fyrir hana.

Svar. *Verið er að fara yfir reglur um tannlæknaþjónustu við fanga og að hækka greiðslu Fangelsismálastofnunar vegna tannlæknaþjónustu við fanga sem hefur verið óbreytt um skeið, 32.000 krónur á ári. Telur stofnunin nauðsynlegt að heilbrigðisyfirvöld komi að kostnaði vegna tannviðgerða fanga sem dvelja um lengri tíma í fangelsi og verður sú umræða tekin upp við viðkomandi yfirvöld.*

Í 51. gr. fer nefndin fram á að tryggt verði að allir fangar verði skoðaðir á fyrsta degi afplánunar af starfsmanni heilbrigðisþjónustu. Slíkt megi aðeins dragast um fáa daga í undantekningartilvikum.

Svar. *Fangar eru skoðaðir við komu í fangelsið. Þar sem ekki er starfandi læknir við fangelsið geta liðið 2-3 dagar áður en læknisskoðun fer fram.*

Í 52. gr. óskar nefndin eftir upplýsingum um það hvort íslensk yfirvöld hafi komið í veg fyrir að aðrir en heilbrigðisstarfsfólk hafi aðgengi að læknskrá fanga í Fangelsinu Litla-Hrauni.

Svar. *Starfsfólk fangelsisins hefur engan aðgang að sjúkraskrá fanga og verður að telja að þessi athugasemd sé byggð á misskilningi. Allar sjúkraskrár fanga eru geymdar í læstum hirslum sem einungis heilbrigðisstarfsfólk hefur aðgang að og hefur svo verið í mörg ár.*

Í 2. mgr. 52. gr. fer nefndin fram á skýringar á því hvers vegna eyðublöð um að aðilar vilji ekki vera hluti af íslenskum erfðafræðirannsóknnum, liggi ekki frammi í neinu af fangelsum ríkisins.

Svar. Þessi spurning vekur nokkra furðu þar sem erfðafræðirannsóknir eru ekki gerðar hér á landi án upplýsts skriflegs samþykkis. Eigi nefndin hins vegar við miðlægan gagnagrunn de Code, sem átti að vera samsafn heilsufarsupplýsinga án persónueinkenna, þá er því til að svara að hann er ekki til og verður líklega aldrei til. Í lögum um hann er gert ráð fyrir að úrsagnareyðublöð væru á heilbrigðisstofnunum, í apótekum og á netinu. Að mati FMS er engin þörf fyrir slík eyðublöð í fangelsum landsins.

Í 4. mgr. 53. gr. leggur nefndin til að framboð sálfræðiþjónustu verði aukið í Hegningarhúsinu og Fangelsinu Kópavogsbraut. Þá fer nefndin fram á að ferðum sálfræðings í Fangelsið Kvíabryggju verði fjölgað.

Svar. Einn sálfræðingur hefur verið starfandi við Fangelsismálastofnun og annar á Litla-Hrauni. Um sl. áramót var gerð sú skipulagsbreyting að báðir sálfræðingarnir starfa hjá stofnuninni og sinna fangelsunum þannig. Eins og staðan er í dag fara sálfræðingar stofnunarinnar í Hegningarhúsið og Kópavogsfangelsið a.m.k. einu sinni í viku og veita þar sálfræðiaðstoð til fanga. Starfsmenn þessara fangelsa hafa greiðan aðgang að sálfræðingunum og geta kallað þá til eftir þörfum. Aðrar breytingar hafa falist í að auka hópmeðferðir en einnig er einstaklingsmeðferð veitt. Telur stofnunin að með þessu fyrirkomulagi hafi orðið bót á sálfræðiþjónustu til fanga.

Í 2. mgr. 54 gr. leggur nefndin til að þegar í stað verði gripið til aðgerða sem tryggja eigi að andlega veikir fangar sem þurfa á að halda vistun á sjúkrastofnun verði vistaðir á viðeigandi stofnun.

Svar. Með bréfi forstjóra Fangelsismálastofnunar, dags. 2. júní 2004, til heilbrigðisráðuneytisins, er vakin athygli á stöðu þessara mála og bent á að stofnunin telji núverandi ástand óásættanlegt. Þessu bréfi var fylgt eftir með bréfi, dags. 25. júní 2004. Í kjölfarið hafa verið haldnir fundir á vegum landlæknis með aðilum frá Fangelsismálastofnun, heilbrigðisráðuneytinu og forstöðumönnum geðsviðs Landsspítala Háskólasjúkrahúss, án sýnilegs árangurs. Hefur Fangelsismálastofnun bent á að ekki verði lengur við slíkt ástand unað og lagt til að við nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu verði sjúkradeild þar sem vistun slíkra fanga yrði möguleg en þjónusta við þá yrði á ábyrgð geðsviðs Landspítala-Háskólasjúkrahúss.

Í 55. gr. leggur nefndin fyrir íslensk stjórnvöld að sjá til þess að allt starfsfólk fangelsiskerfisins fái þjálfun og þekki aðferðir sem ætlaðar eru til að koma í veg fyrir sjálfsvíg fanga.

Svar. *Brugðist hefur verið við þessu með því að halda námskeið fyrir fangaverði og aðra starfsmenn sem vinna í fangelsum. Þeim hefur verið kynnt viðbragðsáætlun varðandi sjálfsvígshættu þar sem m.a. er farið yfir hvernig starfsmenn eigi að bregðast við þegar talið er að fangi sé í sjálfsvígshættu. Gefið var út sérstakt rit varðandi þetta efni sem hefur verið dreift til starfsmanna allra fangelsanna (Fylgiskjal 8.)*

Í 59. gr. gerir nefndin athugasemdir við fyrirkomulag agaviðurlaga í fangelsum ríkisins. Fer nefndin fram á að þegar úrskurða á fanga í agaviðurlög skuli honum tilkynnt sakarefnið skriflega og veittur tilhlýðilegur tími til að undirbúa vörn sína. Þá eigi að veita fanganum áheyrn þar sem hann fær tækifæri til að tala máli sínu. Einnig fer nefndin fram á að fanganum verði heimilað að kalla til vitni og tjá sig um sönnunargögn þegar þau hafa verið lögð fram í málinu.

Svar. *Í frumvarpi til laga um fullnustu refsinga er sérstaklega gerð grein fyrir því hvað teljist agabrot og hvers konar agaviðurlögum verði beitt. Þá verður hugað að málsmeðferðarreglum þ.m.t. andmælarétti fanga skv. stjórnsýslulögum.*

Í 60. gr. fer nefndin fram á að skráð verði þegar einangrunarklefar í húsi 3 í Fangelsinu Litla-Hrauni eru notaðir án tillits til þess hve lengi einangrun varir.

Svar. *Við þessu hefur verið brugðist þannig að öll notkun einangrunarklefans í húsi 2 verður skráð í sérstaka bók á varðstofu í húsi 3.*

Í 61. gr. gerir nefndin athugasemdir við myndavélaklefa Fangelsinu Litla-Hrauni. Fer nefndin fram á að gerðar verði leiðbeiningar um notkun klefans og útbúin skrá þar sem notkun hans er tiltekin. Þá telur nefndin 6 járnhringi sem notaðir eru til að óla niður fanga hættulega og óásættanlega og leggur til að þeir verði fjarlægðir þegar í stað.

Svar. *Skýrar reglur, settar í júní 1999, eru til um notkun myndavélaklefa í húsi 1. Járnhringir verða fjarlægðir þegar búið er að finna viðeigandi lausn á því hvernig hægt er að hefta fanga þegar þess er þörf og er verið að vinna að þeim málum.*

Í 2. mgr. 63. gr. fer nefndin fram á að íslensk yfirvöld hugleiði þann möguleika að koma á fót óháðum eftirlitsaðila sem hefði heimild til að fara í fangelsi ríkisins og kanna aðstæður, aðbúnað og taka við kvörtunum fanga vegna meðferðar í fangelsinu.

Svar: *Samkvæmt drögum að Evrópskum fangelsisreglum sem fyrirhugað er að settar verði í desember 2005 er gert ráð fyrir þreföldu eftirlitskerfi með fangelsum. Á það hefur verið bent að slíkt eftirlitskerfi sé of viðamikið fyrir smærri þjóðir. FMS telur eðlilegt að við þessu verði brugðist þegar nýjar fangelsisreglur hafa verið settar.*

Í 64. og 65. gr. gerir nefndin athugasemdir við að fíkniefnalaus deild hafi verið aflögð í Fangelsinu Litla-Hrauni. Tekur nefndin fram að fangar hafi kvartað yfir því að þeir hafi ekki verið aðstoðaðir við að ná tökum á fíkniefnahneigð sinni. Bendir nefndin á að eina aðferðin sem notuð sé til að koma í veg fyrir fíkniefnaneyslu fanga í fangelsum sé að hindra að fíkniefni komist inn. Það telur nefndin ekki fullnægjandi og leggur fyrir íslensk stjórnvöld að setja af stað viðunandi læknisfræðilegar meðferðir sem ætlað er að berjast gegn fíkniefnahneigð fanga.

Svar. *Rétt er að taka fram að fíkniefnaleit er ekki eina aðferðin sem notuð er til að sporna við fíkniefnaneyslu í fangelsum. Sálfræðingar stofnunarinnar leitast við að veita stuðning og kenna föngum aðferðir til að takast á við fíkniefnahneigð sína með það að markmiði að þeir dragi úr vímuefnaneyslu sinni. Eins má nefna að fyrirbyggjandi er áætlun um að koma af stað meðferðardeild í fangelsum þar sem m.a. verður veitt læknisfræðileg meðferð við vímuefnavanda fanga. Það sem hamlar því að slík deild sé starfandi er skortur á fangaplássi og fjármagni.*

Valtýr Sigurðsson (sign.)